

Ed.

421. Frumvarp til laga

[247. mál]

um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Greiða skal flutningsjöfnunargjald af öllu seldu magni af gasolíu, svartolíu, ljósaolíu, bifreiðabensíni, flugvélabensíni og flugsteinolíu, þó ekki flugvélabensíni og flugsteinolíu sem ætluð er til nota í utanlandsflugi. Gjald þetta ákveður verðlagsráð fyrir þrjá mánuði í senn. Verði upphæð þess miðuð við það að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af ofangreindum olíuvörum sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til útsölastaða svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Gjaldið skal greiða í flutningsjöfnunarsjóð eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

2. gr.

Flutningsjöfnunarsjóður skal myndaður með flutningsjöfnunargjaldinu sem um ræðir í 1. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum sem sitja í tvö ár í senn, verðlagsstjóra, einum manni, sem viðskiptaráðherra skipar án tilnefningar, og einum manni sem ráðherrann skipar samkvæmt tilnefningu olúinnflytjenda. Verðlagsstjóri er formaður stjórnarinnar.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka á sérstökum reikningi. Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs er heimilt að ákveða að í sjóðnum skuli vera sérdeild fyrir útgerð.

3. gr.

Flutningsjöfnunarsjóði skal varið til að endurgreiða þeim aðilum, er annast dreifingu á olúvörum þeim sem um getur í 1. gr., flutningskostnað þeirra en hann skal samþykktur af verðlagsráði. Verðlagsstofnun annast þessar greiðslur eftir reglum sem stjórn sjóðsins setur. Heimilt er að ákveða tímabundna greiðslu úr flutningsjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva sem reistar kunna að verða utan Faxaflóasvæðisins ef ætla má að flutningur á olúvörum á viðkomandi svæði verði ódýrari með því.

4. gr.

Söluverð á ofangreindum olúvörum skal vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu.

5. gr.

Allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs greiðist af eigin fé og skal tekið tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

6. gr.

Viðskiptaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olú og bensíni, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða

Flutningsjöfnunarsjóður tekur við réttindum og skuldbindingum verðjöfnunarsjóðs fyrir olú og bensín.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanfögnu hefur verið til athugunar með hvaða hætti unnt væri að koma fram lækkun á verði olú og bensíns, jafnframt verðlagningu sem fæli í sér hvata til lækkunar verðs með hagkvæmni í viðskiptum. Við verðákvörðun á olú og bensíni er um að ræða 12 þætti til viðbótar við innkaupsverðið, m. ö. o. verðjöfnunargjald, leyfisgjald bankanna, þóknun bankanna af gjaldeyrisviðskiptum, gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, innflutningsgjald af gasolíu og svartolíu, magntoll á gasolíu og svartolíu, landsútsvar af bensíni, gasolíu og svartolíu, verðtoll á bílabensíni, tollafgreiðslugjald á

bílabensíni, vegagjald af bílabensíni, söluskatt og vörugjald af bílabensíni, gasolíu og svartolíu. Flestir þættirnir eru ákvörðunaratriði um tekjur ríkissjóðs, sveitarfélaga og banka auk verðjöfnunar en í 30 ár hafa gilt ákvæði um verðjöfnun á olíu og bensíni og fastákveðið söluverð um allt land.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að í stað verðjöfnunar á olíu og bensíni á grundvelli laga nr. 34 18. febrúar 1953 verði tekin upp flutningsjöfnun. Hins vegar verður áfram í gildi hámarksverð. Breytingin er fólgin í því, ef frumvarpið verður að lögum, að ekki yrði fyrir hendi lagaskylda til að selja olíu og bensín hvar sem er á landinu á sama verði. Það gerir kleift að hagkvæmni í viðskiptum geti leitt til hagkvæmara og lægra verðs. Við verðákvörðun á olíu og bensíni yrði samkvæmt sérstökum útreikningi Verðlagsstofnunar tekin ákvörðun um flutningsjöfnunargjald sem rynni í flutningsjöfnunarsjóð til að mismunandi flutningskostnaður hefði ekki áhrif á útsöluverð eftir landshlutum. Í frumvarpinu er byggt á sömu grundvallaratriðum og í lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

Nú er verðjöfnunargjald kr. 0.39 af hverjum bensínlítra sem er 1.5% af útsöluverði. Verðjöfnunargjald af hverjum gasolíulítra er kr. 0.52 sem er 4.9% af útsöluverði. Verðjöfnunargjald af svartolíu er kr. 500.- á hvert tonn en það eru 4.8% af útsöluverði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Flutningsjöfnunargjald kemur í stað verðjöfnunargjalds. Verðlagsráð ákvarðar flutningsjöfnunargjaldið í stað þess að viðskiptaráðherra hefur ákveðið verðjöfnunargjaldið. Ákvæði 1. gr. laga nr. 34 18. febrúar 1953 um verðjöfnun á olíu og bensíni um sama söluverð á olíu og bensíni, hvar sem er á landinu, falla niður ef frumvarpið verður samþykkt en áfram er gert ráð fyrir því að verðlagsráð ákveði hámarksverð á olíu og bensíni. Hér skapast því möguleikar til þess að lækka verðið niður fyrir hámarksverðið til hagsbóta fyrir atvinnuvegina og aðra notendur þessara vara. Hver innflytjandi og útsöluverð hans, sem fara niður fyrir hámarksverðið, skulu þó hafa sama söluverð um land allt, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því að stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sé skipuð þremur mönnum en núverandi stjórn verðjöfnunarsjóðs er samkvæmt reglugerð skipuð fimm mönnum. Í stjórn flutningsjöfnunarsjóðsins yrðu verðlagsstjóri, einn maður, sem viðskiptaráðherra skipar án tilnefningar, og einn maður sem ráðherrann skipar samkvæmt tilnefningu olíuinnflytjenda. Verðlagsstjóri er formaður stjórnarinnar.

Heimilt er að ákveða í stjórn flutningsjöfnunarsjóðs að í sjóðnum skuli vera sérdeild fyrir útgerð ef þurfa þykir.

Um 3. gr.

Grein þessi er byggð á 3. gr. ofangreindra verðjöfnunarlaga. Verðlagsstofnun er hér falið að annast endurgreiðslur flutningskostnaðar.

Um 4.—6. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Grein þessi geymir gildistökuákvæði.